

# STARFSLEYFI

Fjörugusa ehf

671125-2740

Fyrir færanlegi baðstofu utan sundstaða.

Heimilisfang: Suðurtanga, 400 Ísafjörður

Nafn rekstraraðila: Fjörugusa ehf

Kennitala rekstraraðila: 671125-2740

Útgáfudagur: dd.mm.yyyy

Gildir til: dd.mm.yyyy

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og önnur lög eða reglur er starfsemin varða, svo og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn. Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað. Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið heilbrigðiseftirlit, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign eða lóð tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Bolungarvík, dd.mm.yyyy

## Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir fargufu

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir fargufu. Fargufa er færánleg baðstofa. Baðstofa er klefi eða aflokað rými sem hitað er upp með vatnsgufu, svokallað eimbað, eða sánabað sem oftast er hitað upp með rafmagni.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur verður að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði þar um.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.
- 1.4 Þegar starfsemi er færð skal rekstraraðili tilkynna sig til viðkomandi heilbrigðiseftirlits áður en starfsemi hefst og ráðfæra sig við viðkomandi heilbrigðiseftirlit um val á staðsetningu.

### 2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Búnaður í fargufu skal vera þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við.
- 2.2 Rými fargufunnar skal vera hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 2.4 Í fargufu skulu vera mælar sem sýna raka- og hitastig í kleanum.
- 2.5 Ganga skal þannig frá færánlegum tækjum og búnaði þannig að ekki stafi hætta af.

### 3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Þrif skulu vera fullnægjandi, leitast skal við að nota umhverfisvæn efni þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 3.2 Gólfefni og frágangur fargufu skulu vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Skrifleg hreinlætisáætlun skal vera til staðar. Allsherjarhreingerningu skal gera a.m.k. árlega.
- 3.4 Gæludýrum er óheimill aðgangur að fargufu.
- 3.5 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

#### **4. Öryggi og slysavarnir**

- 4.1 Starfsmaður skal vera viðstaddur á meðan starfsemi er í gangi og hafa eftirlit með öryggi gesta.
- 4.2 Starfsmaður skal vera þjálfaður í viðbrögðum við neyðartilvikum.
- 4.3 Til staðar skal vera neyðaráætlun (verklagsreglur starfsfólks ef slys verður) og skulu starfsmenn upplýstir um þær.
- 4.4 Viðurkenndur búnaður til skyndihjálpar skal vera á staðnum. Skal búnaður þessi yfirfarinn reglulega og starfsmenn þjálfaðir í notkun hans.
- 4.5 Hitagjafar, ofnar og útstreymisop, skulu varin þannig að ekki sé hætt á að af þeim hljótist slys.
- 4.6 Skrá skal óhöpp og slys á þar til gerð eyðublöð. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

#### **5. Matvæli**

- 5.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- 5.2 Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að fargufunni.

#### **6. Umhverfismál**

- 6.1 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til móttökustöðva.
- 6.2 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisblöð fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengileg.
- 6.3 Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.
- 6.4 Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar eða hávaða.